

Gátlisti með tilvísun til sérfræðiþjónustu vegna beiðni um athugun á lestri og ritun

Mjög mikilvægt er að öllum spurningum gátlistans sé svarað. Ef sá sem fyllir út hefur ekki umbeðnar upplýsingar, þá leiti hann eftir þeim hjá öðrum eftir því sem við á. Oft gefst vel að kennari og foreldrar svari listanum í sameiningu.

Tilvísun telst ekki fullnægjandi og verður ekki tekin til afgreiðslu fyrr en allar umbeðnar upplýsingar liggja fyrir

Nafn nemanda: _____	Kennitala: _____
Skóli: _____	Bekkur: _____
Umsjónarkennari: _____	
Útfyllt af: _____	

Að hverjum eftirfarandi þátta beinast áhyggjur vegna lesturs nemandans helst?

Hakið við það sem við á:

Leshraði _____ Lestrarnákvæmni _____ Lesskilningur _____ Stafsetning _____

1. Er námsárangur nemandans almennt slakur miðað við jafnaldra? Já _____ Nei _____
2. Er viðmiðum frá bekkjarkennara um heimalestur vel sinnt? Já _____ Nei _____
3. Eru lestrarbækur fyrir barnið valdar í samræmi við stöðu þess í lestri? Já _____ Nei _____
4. Er nemandinn staðnaður í lestrarferlinu og hefur hann sýnt litlar sem engar framfarir undanfarna mánuði? Já _____ Nei _____
5. Á nemandinn það til að tala mál- og setningafræðilega rangt? Já _____ Nei _____
6. Hefur málþroski nemandans verið metin hjá talmeinafræðingi? Já _____ Nei _____
7. Hefur framburður nemandans verið metin hjá talmeinafræðingi? Já _____ Nei _____
8. Er mikið um að nemandinn lesi orð rangt? Já _____ Nei _____
9. Er algengt að barnið sleppi orðum úr texta og/eða endingum orða þegar það les? Já _____ Nei _____
10. Víxlar nemandinn röð bókstafa í orðum þegar hann les? Já _____ Nei _____
11. Ruglar nemandinn gjarnan saman hljóðlíkum bókstöfum? Já _____ Nei _____
12. Ruglar nemandinn gjarnan saman útlitslíkum bókstöfum? Já _____ Nei _____
13. Er algengt að stafir/hljóð falli brott í lestri og stafsetningu hjá nemandanum? Já _____ Nei _____
14. Gerir nemandinn auðveldlega greinarmun á einföldum og tvöföldum samhljóðum? Já _____ Nei _____
15. Á nemandinn í erfiðleikum með nám í erlendum tungumálum? Já _____ Nei _____
16. Á nemandinn í erfiðleikum með framburð samhljóða sambanda? Já _____ Nei _____
17. Er nemandinn óeðlilega gleyminn? Já _____ Nei _____
18. Fylgir nemandinn vel fyrirmælum? Já _____ Nei _____
19. Bárust upplýsingar um barnið frá leikskólanum? Já _____ Nei _____
20. Útkoma úr *Hljóm-2* prófi í leikskóla var: *Góð* _____ *Í meðallagi* _____ *Slök* _____ *Mjög slök* _____
21. Var unnið markvisst með barnið í samræmi við niðurstöður *Hljóm-2* prófsins? Já _____ Nei _____
22. Útkoma *Lesferlis* var: *V3 eða yfir* _____ *V2* _____ *VI* _____ *Undir VI* _____
23. Hefur verið unnið sérstaklega með lesturinn út frá niðurstöðum *Lesferils*?

24. Hvaða stuðningspróf hafa verið lögð fyrir: _____
Niðurstöður _____

25. Hefur sérkennari komið að lestrarþjálfun barnsins í skólanum? Já _____ Nei _____
Hvernig: _____

26. Foreldrar barnsins hafa fengið leiðbeiningar frá sérkennara um umfram lestrarþjálfun heima? Já _____ Nei _____
Var því sinnt? Já _____ Nei _____

27. Gengið hefur verið úr skugga um að lestrarerfiðleikar barnsins stafi ekki af skertri heyrn eða sjón? Já _____ Nei _____

28. Fjölskyldusaga er til staðar um lestrarerfiðleika? Já _____ Nei _____

29. Foreldrar hafa áhyggjur af lestrarerfiðleikum barnsins? Já _____ Nei _____

30. Helstu styrkleikar nemandans:

31. Helstu veikleikar nemandans:

32. Annað sem þarf að koma fram:

Nauðsynleg fylgiskjöl með öllum beiðnum um lestrargreiningu:

_____ Yfirlit yfir þróun leshraða – a.m.k. þrjár síðustu mælingar.

_____ Sundurliðaðar niðurstöður úr samræmdum prófum í íslensku í 4., 7. eða 10. bekk, eftir því sem við á.

_____ Nýlegt sýnishorn af frjálstri ritun nemandans.

_____ Yfirlit yfir fyrirkomulag sérkennslu ef við á – hver kennir, hversu oft, skipulag (einstaklingskennsla, hópar, inni í bekk, námskeið, annað).

Nánar um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga

Skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu safnar framangreindum persónuupplýsingum svo mögulegt sé að veita lögbundna þjónustu og svo einstaklingar geti nýtt réttindi sín samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008 og lögum um leikskóla nr. 90/2008.

Skólaþjónustan geymir upplýsingarnar í rafrænu kerfi sem utanaðkomandi aðili (ONE) heldur utan um. Auk þess deilir Skólaþjónustan framangreindum persónuupplýsingum með ákveðnum sérfræðingum, sem málið varðar. Þeir eru bundnir trúnaði og ber að haga meðferð persónuupplýsinga í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

Skólaþjónustan er afhendingarskyldur aðili samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014. Vegna þess er henni óheimilt að ónýta eða farga nokkru skjali nema með heimild þjóðskjalavardar. Almennt eru þær persónuupplýsingar sem skólaþjónustan safnar um einstök börn afhentar Héraðsskjalasafni einu ári eftir að barn lýkur grunnskólagöngu.

Einstaklingar njóta ákveðins réttar samkvæmt lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018, svo sem réttar til aðgangs að persónuupplýsingum, að láta leiðrétta þær, takmarka vinnslu þeirra, andmæla og fleira. Réttindi þeirra kunna þó að vera háð ýmsum skilyrðum.

Hafi einstaklingar frekari spurningar um hvernig Skólaþjónustan meðhöndlar upplýsingar um þá, eða um réttindi sín, þá geta þeir ávallt beint fyrirspurnum til persónuverndarfulltrúa Skólaþjónustunnar. Sá aðili er Dattaca Labs og hægt er að hafa samband með því að senda erindi á netfangið dpo@dattacalabs.com.

Dragi einstaklingar í efa að Skólaþjónustan meðhöndli persónuupplýsingar um þá í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018, þá hafa þeir rétt til að senda inn erindi til Persónuverndar (www.personuvernd.is).

Nánari upplýsingar um meðferð Skólaþjónustunnar á persónuupplýsingum má sjá í persónuverndaryfirlýsingu sem aðgengileg er á heimasíðu Skólaþjónustunnar.